

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Reykjanesfólkvangur,  
kt. 581280-0419, Borgartúni 14 gera með sér eftirfarandi

## **Rekstrarsamning – samkomulag** um rekstur íveruhúss og salernishúss við Seltún í Krýsuvík

1. gr.

Reykjanesfólkvangur tekur að sér að reka íveruhús og salernishús fyrir ferðamenn við Seltún í Krýsuvík. Tilgangur húsanna er að þjóna ferðamönnum Seltúns og starfsfólki Reykjanesfólkvangs.

2. gr.

Húsin eru á forræði Reykjanesfólkvangs og á ábyrgð hans.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir á samningstímanum krónur 1.000.000 á ári til Reykjanesfólkvangs sem alfarið skal nýta í rekstur og viðhald á umræddum húsum með áherslu á hreinlætis- og salernisaðstöðu. Helmingur upphæðarinnar greiðist 1. júlí og helmingur 1. september og skal Reykjanesfólkvangur senda reikninga vegna þessa til Hafnarfjarðarbæjar.

4. gr.

Reykjanesfólkvangur sér um viðhald á húsunum.

5. gr.

Þjónustutími er frá 1. maí til 15. október 201<sup>4</sup>. Vetrarfrágangur og lokun verða í samræmi við frágang „fjallaskála“ og mun Reykjanesfólkvangur sjá um þann þátt.

6. gr.

Starfsmaður fólkvangsins og landvörður hafa aðstöðu í íveruhúsinu að Seltúni. Þeir veita ferðamönnum upplýsingar, skrá gestakomur og hafa umsjón með svæðinu ásamt því að sinna salernum. Vinnuflokkar Hafnarfjarðarbæjar munu einnig hafa aðstöðu í húsinu sem og bæjaryfirvöld til nýtingar í samráði við Reykjanesfólkvang.

7. gr.

Ef upp rís ágreiningur vegna samnings þessa skal mál höfðað fyrir héraðsdómi Reykjaness.

8. gr.


Samningur þessi gildir frá 31. mars 2014 til 1. nóvember 2014.

9. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Dags. 31. mars 2014

Fyrir hönd stjórnar Reykjanesfólkvangs



Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar

